

Gos í Eyjafjallajökli - staða 18. maí 2010 kl. 17:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Sigprúði Ármannsdóttur, Sigrúnu Hreinsdóttur, Magnúsi Tuma
Guðmundssyni, Theodór Frey Hervarssyni og Matthew J. Roberts.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, veðurradar,
vefmyndavélum, tilkynningum á vefnum um öskufall,
eldingamæligögnum bresku veðurstofunnar og NOAA gervihnattamynd.

Gosmökkur:

Hæð (m.y.s.): Hefur verið nokkuð stöðugur í um 7 km skv. veðurratsjá. Stíf sunnan og
suðvestanátt yfir eldstöðinni. Nær jörðu var austlægari vindur sem blés
áður fallinni ösku til vesturs og norðvesturs.

Stefna: Norðaustur (skv. veðurkortum og gervituglamynd NOAA).

Litur: Grár.

Gjósufall: Tilkynningar um öskufall hafa komið frá Hrauneyjum þar sem bílar urðu
svartir vegna öskufallsins, Hæli í Gnúpverjahreppi, Laugum í S-
Þingeyjasýslu, Felli í Vopnafirði og í Neskaupstað en á þessum stöðum var
um lítilsháttar öskufalla að ræða. Auk þess sást þunn slika á Sandhólatindi
og Bjólfi sem eru fjöll norðan Seyðisfjarðar. Svifryk mældist í Reykjavík
um miðjan dag og má rekja það til foks.

Eldingar: Á áttunda tug eldinga hafa mælst á eldingamælum bresku veðurstofunnar
frá miðnætti og fram á miðjan dag. Hátt í 10 á klukkustund fram að hádegi
en heldur færri eftir það.

Drunur: Engar tilkynningar.

Bræðsluvatn: Rennsli við Gígjökul er lítið, líkt og undanfarna daga.

Aðstæður á gosstað: Ekkert hefur sést til gosstöðva í dag. Gosmökkur liggur í um 7 km hæð
og leggur til norðausturs. Af umfangi, hæð og lit gosmakkar má ráða að
aðstæður séu svipaðar og undanfarna dag. Tíðar eldingar.

Órói: Óróinn er nokkuð stöðugur en heldur hefur dregið úr lágtíðninni síðustu
daga.

Jarðskjálftar: Einn jarðskjálfti sem var Ml 1,3 að stærð mældist í nótt og var hann á
u.þ.b. 16 km dýpi.

GPS-aflögun: Færslur inn að miðju Eyjafjallajökuls og sig.

Heildarmat: Sprengigos hefur haldist mikið og gera má ráð fyrir að yfir 200 tonn komi nú upp úr gígnum á sekúndu hverri. Gjóskefals hefur gætt á Norðausturlandi auk þess sem einhver útbreiðsla hefur verið til vesturs síðdegis.